






Þekkingarnet  
Þingeyinga

# Í ANDLITINU SPEGLAST SAGAN

---

Bernskuminningar úr Þingeyjarsýslu



September 2014

September 2014

Þekkingarnet Dingeyinga

*Forsíðumyndir (frá vinstri):*

Mynd: Indriði Ketilsson, mynd tekin af Halldóru Kristínu Bjarnadóttur  
Mynd: Helga Baldursdóttir, mynd tekin af Halldóru Kristínu Bjarnadóttur  
Mynd: Aðalbjörg Jónasdóttir, mynd tekin af Halldóru Kristínu Bjarnadóttur  
Mynd: Guðmundur Hallgrímsson, mynd tekin af Halldóru Kristínu Bjarnadóttur

*Ábyrgð/ritstjórn:*  
*Helena Eydis Ingólfssdóttir*  
*Óli Halldórsson*

*Framkvæmd:*  
Halldóra Kristín Bjarnadóttir

ISBN 978-9935-405-45-6

# EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	1
2	SMÁSÖGUR OG MYNDIR	2
2.1	GENGIÐ ÚT ÚR DALNUM - AÐALBJÖRG JÓNASDÓTTIR	2
2.2	FER EI ÚR HUGA MÉR - AÐALGEIR KRISTJÁNSSON	4
2.3	HRÍÐIN - ARNGRÍMUR GEIRSSON	6
2.4	SOKKABUNKINN - GERÐUR BENEDIKTSDÓTTIR	8
2.5	GRAMMAFÓNINN - GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON	10
2.6	GAGN OG GAMAN - GUÐRÚN SIGURDARDÓTTIR	12
2.7	HELGU LITLU VAR EKKI RÓTT - HELGA BALDURSDÓTTIR	14
2.8	BLÉS Á NORÐVESTAN - HELGI HÉÐINSSON	16
2.9	SÓTA MÍN - HÖSKULDUR ÞRÁINSSON	18
2.10	HORNIN VORU MÍN LEIKFÖNG - INDRÍÐI KETILSSON	20
2.11	RÓFUGARÐURINN - ÍVAR JÚLÍUSSON	22
2.12	PRAKKUR - KRISTJÁN ÁSGEIRSSON	24
2.13	TVÍÆRINGUR - RANNVEIG BENEDIKTSDÓTTIR	26
2.14	ÆTLI MANNFÓLKIÐ SKORTI KÆRLEIK? - VIGFÚS B. JÓNSSON	28
2.15	ORUSTAN VAR HÁÐ - VILHJÁLMUR PÁLSSON	30
3	LOKAORÐ	32
4	HEIMILDIR	33

# 1 INNGANGUR

*Í andlitinu speglast sagan - Bernskuminningar úr Þingeyjarsýslu* er smásagna og ljósmyndaverkefni unnið af Halldóru Kristínu Bjarnadóttur. Þar ræðir hún við valda einstaklinga, yfir miðjum aldri, um bernsku- og uppvaxtarár þeirra ásamt því að ljósmynda viðmælendurna á heimilum þeirra. Hugmyndin kviknaði veturinn 2013-2014 en áhugi Halldóru hefur alla tíð legið í þessa átt. Fjallað er um æskuna með augum hinna lífsreindari og myndskreytt með svarthvítum myndum af hverjum viðmælanda. Markmiðið með verkefninu er að kortleggja einkenni nokkurra Þingeyinga, á einlægan hátt. Gleðja sem og vekja fólk til umhugsunar. Lagt var upp með ákveðnar spurningar til þess að ná fram þeim sögum sem óskað var eftir og til þess að ná ákveðinni vídd í frásögnina. Viðtölin voru hljóðrituð og textinn unninn upp úr þeim og settur fram í formi einskonar smásögu. Ljósmyndir voru teknar af viðmælendunum á meðan á viðtalinu stóð og leitast við að ná þeim í þeirra eðlilega umhverfi. Uppvaxtarár eru flestum afar persónuleg og því er lögð áhersla á að einlægnin sé rauði þráður verkefnisins. Von Halldóru er að verkefnið hlýi og fylli Þingeyinga vissu stolti. Stoltinu sem þeir fá seint nóg af.

Afrakstur *Bernskuminninga úr Þingeyjarsýslu* verður til sýnis í formi ljósmyndasýningar þar sem smásögurnar styðja ljósmyndirnar.

## 2 SMÁSÖGUR OG MYNDIR

### 2.1 GENGIÐ ÚT ÚR DALNUM - AÐALBJÖRG JÓNASDÓTTIR



Aðalbjörg Jónasdóttir (1928) er fædd og uppalin í Þverá í Laxárdal. Bjó í Kasthvammi með eiginmanni sínum Bergsteini Gunnarssyni og býr þar enn.

„Viltu ekki að ég færi þig til Rauðka mín? Líst þér ekki betur á grasið hérna fjær bæjarveggnum?“ Stór og djúp hestsaugun mættu augum nývaknaðrar unglings-stúlkunnar, augnsambandið var metið sem samþykki. Morgunsólin var að koma upp og blés hlýtt um vanga. Dagurinn í dag var sérstakur dagur og spennan greinanleg í loftinu. Stúlkan leysti tauminn og teymdi Rauðku á eftir sér. Tjódraði hana síðan, nokkrum metrum frá fyrri samastað. Handbrögðin voru vanaföst og hnúturinn þéttur þó úlnliðir stúlkunnar væru í grennra lagi. „Ertu ekki sátt við þessa staðsetningu ljúfan?“ var hvíslað í hestseyrun. „Ég er nefnilega að fara í ferðalag, verð ekki heima næstu daga. Ætli systur mínar sjái ekki um þig? Ættum nú að geta treyst þeim.“ Rauðka leit upp og glöggir menn gátu séð spurn blika í augum hennar. „Jah, það er nú ekki von að þú spyrjir mig hvert ég sé að fara. Ég get svo sem líka sagt þér það. Pabbi bað mig um að verða honum og frænda samferða sér við fjárreksturinn niður á Húsavík. Það þarf að fara með talsvert margt fé í slátrun. Þeir töldu sig geta haft gagn af mér, er víst létt á fæti. Ég fæ þá líka að sjá hafið í fyrsta skiptið. Ætli það sé endalaust?“ Útiteknað hendur stúlkunnar snertu síðu Rauðku og Rauðka deplaði auga. Stúlkan sem vanalega var fremur róleg iðaði öll og talaði óvenju hratt. Vinkonurnar skildu þó hvor aðra. „Pabbi sagði að við myndum byrja á því að reka féð í Hraunsrétt í Aðaldal. Gista svo hjá vinafólki okkar í Klömbur og fara þaðan eldsnemma á öðrum degi, rekum féð yfir heiðina og út að Laxamýri. Það er talsverður spölur svo þó það verði ekki langt til Húsavíkur þaðan er stefnt á að gista á Laxamýri og reka féð síðasta spölinn á þriðja degi.“

„Aðalbjörg Jónasdóttir“ heyrðist kallað innan úr bæjardyrnum. Það var móðir stúlkunnar, Halla, sem reisti örlítið raustina, ákveðin án alls æsings.

„Ég lofa að segja þér frá ferðinni...láttu þér ekki leiðast Rauðka mín!“ Stúlkan hljóp í átt til móður sinnar. Henni hafði víst legið svo mikið á að kveðja Rauðku að hún hafði ekki enn gefið sér tíma fyrir morgunverðinn. Brýnt var að hún borðaði sig vel sadda af hræringi, á orkunni þyrfti hún að halda.

Stúlkan var kölluð Bogga og var á þrettánda ári, elst sjö systkina. Fædd og uppalin á Þverá í Laxárdal. Í dag var hennar fyrsta ferð niður úr dalnum og allt til Húsavíkur. Alla sína bernsku hafði hún látið sér dalinn nægja og unað sér vel. Lítið var um leikföng en þó dröslaðist Bogga gjarnan um með dúkku sem hún hafði fengið að gjöf. Á Auðnum bjó frænka hennar á sama ári og fékk dúkkan gjarnan að fylgja henni í heimsóknir þangað. Þær ferðir tóku Boggu og dúkkuna ekki langan tíma ef þær gleymdu sér ekki við að rannsaka hraunið á leiðinni. Yfirleitt var þetta um 20 mínútna gangur. En í

dag yrði dúkkan skilin eftir heima og lengri vegalengd framundan hjá Boggu. Hún tók við nestispökkum frá móður sinni og kom þeim rækilega fyrir í bakpoka föður síns. Síðan breiddi hún yfir dúkkuna sína í rúminu og hélt út. Hún fann augu systkina sinna á sér. Þau voru meðvituð um að systir þeirra væri að fara í langferð og vottaði fyrir örvæntingu í augum þeirra. Skyldi hún ekki breytast við svona ferðalag? Myndi Bogga kannski aldrei aftur hafa tíma fyrir heimilisrekstur drullubúsins undir brekkunni eða feluleikina í hrauninu? Móðir þeirra gekk út á hlaðvarpann með þann yngsta í fanginu og barnaskarinn fylgdi fast á eftir. Bróðir Boggu, Áskell, hékk í pilsfaldi móður þeirra en systur hennar leiddu gömlu konuna sem hafði sæst á að leggja frá sér þrjónana um stund til þess að kveðja ferðafólkið.

Fjölskyldufaðirinn og bróðir hans voru tilbúnir og bjuggu sig undir að opna fyrir fénu. Heimilsfólkið stóð við bæjardyrnar og veifaði. Það var rogginn stúlka sem fylgdi ferðbúnum karlmönnum eftir og veifaði á milli þess sem hún baðaði út höndunum og skipaði fénu fyrir.

Bogga var léttklædd enda veðrið milt og hún á sífelldum hlaupum. Hún hafði gaman af því að hoppa á milli þúfna og skottast á eftir ánum sem virtust ætla að rekast vel. Féið rann með Laxánni, ánni sem Bogga taldi sig þekkja svo vel. Vatnsniðurinn hafði oft róað hana og blár liturinn stytt henni stundir, svo ótrúlega fagur gat hann verið. Þegar komið var upp yfir Laxárgljúfrin blasti Aðaldalurinn við þeim. Í stutta stund leyfðu smalamennirnir sér að staldra við. Laxáin sem rann tiltölulega beint niður uppvaxtarslóðir Boggu sást núna liðast eftir dalbotninum á leið sinni til sjávar. Það útsýni hrífur flesta. Boggu var ljóst að þetta ævintýri var rétt að byrja. Hafði, þéttbýlið á Húsavík og án efa margt fleira yrði greipt í minni hennar.<sup>1</sup>



---

<sup>1</sup> (Aðalbjörg Jónasdóttir, munnleg heimild, 31. júlí 2014).

## 2.2 FER EI ÚR HUGA MÉR – AÐALGEIR KRISTJÁNSSON



Adalgeir Kristjánsson (1924)  
fæddur á Finnstöðum í  
Ljósavatnshreppi. Fór til náms í  
Íslenskum fræðum m.a. til  
Danmerkur. Búsettur í Reykjavík  
og starfaði á Þjóðskjalasafni  
Íslands alla sína starfsævi. Býr nú  
á Hvammi á Húsavík.

„Ég veit ekki af hvers konar völdum,  
svo viknandi dapur ég er.

Ein saga frá umliðnum öldum,  
fer ei úr huga mér.”<sup>2</sup>

Amma Valgerður var von að líta ekki af mér þegar hún flutti ljóð. Ég dáðist að henni. Þvílíkur happdagur sem það var þegar hún flutti til okkar í Finnstaði sumarið 1930. Finn enn fyrir ólgunni innra með mér, sex ára snáðanum, þegar ég hlýddi á ömmu. Frásagnir hennar og ljóðaflutningur urðu mér sannur elexír. Hún var ein af þessum sem kunni öll kvæði og allar sögur og ég sat við hlið hennar og drakk í mig fróðleikinn. Bókin Svanhvít, þýðingar eftir Matthías Jochumson og Steingrím Thorsteinsson var í miklu uppáhaldi þó kynning hennar á fornsögunum hafi sest hvað fastast að í vitund minni. Minni ömmu var mér gersemi, forðabúr sem ég gat endalaust nærst á.

„Það húmar, og hljóðlega rennur  
í hægviðri staumfögur Rín,  
Hinn ljósgullni bjargtindur brennur,  
þar blíðust kvöldsól skín.”<sup>3</sup>

Það var ömmu í blóð borið að fara með ljóð, hlustandinn skynjaði hrynjandina, hljóðfallið og þennan ákveðna rytma ljóðlistarinnar. Síðar á lífsleiðinni átti frásagnarhæfileiki ömmu eftir að telja mig þess umkominn að geta gagnrýnt flutning útvarpsfólks á bundnu og óbundnu máli. Enn finn ég fyrir söknuði þegar ég hugsa til stundanna við fótiskör Valgerðar ömmu.


Amma stendur upp og rýfur helgi stundarinnar. Dustar svuntuna og horfir ákveðin á mig: „Viltu nú ekki fara í skárri föt Adalgeir minn, skuggamyndasýningin á Halldórsstöðum versnar nú ekki við það.” Það var þá sem það rifjaðist upp fyrir mér svo skjótt að mig kitlaði í tærnar, töfrásýning tækninnar beið mín. Vel gyrtur hélt ég teinréttur, í humátt á eftir systkinum mínum, suður í Halldórsstaði. Þar var okkur vel fagnað. Bróðir húsfreyjunnar, Guðrúnar Sigurðardóttur, Sigurður Sigurðs búnaðarmálastjóri, hafði tekið skuggamyndir á ferð sinni um Grænland og var þarna gestkomandi. Myndirnar voru mér ekki einungis framandi heldur myndefnið líka. Umkringdur vinum og fjölskyldumeðlimum stóð allt í einu fyrir framan mig þrekinn drengur. Húð hans var gulleit og augun svolítið teygð sitt í hvora áttina. Það var líkt og hann hefði klætt sig í feld ísbjarnar svo dúðaður var hann. Pabbi fræddi mig og sagði þetta vera dreng af grænenskum ættum í þjóðarklæðum. Hann

<sup>2</sup> Steingrímur Thorsteinsson (1924)

<sup>3</sup> Steingrímur Thorsteinsson (1924)

stóð í anddyri snjóhúss. Þrátt fyrir að byggingin væri nokkuð stæðileg þá fór um mig hrollur og ég þakkaði fyrir vel hlaðinn bæjarvegginn heima.

Ég fæðist inní þennan gamla heim og jafn skjótt og ég fer að muna eftir mér er nútíminn að koma. Ég sé bíl fara í fyrsta sinn um sveitina um fjögurra ára gamall, sé rafmagnsljósinn kvikna, heyri símann hringja og í útvarpinu syngja. Nútíminn mætti og við tókum honum fagnandi. Ég gerði mér þó grein fyrir gildi gamla tímans og úr varð að ég gætti hans á Þjóðskjalasafni Íslands.<sup>4</sup>




---

<sup>4</sup> (Aðalgeir Kristjánsson, munnleg heimild, 3. ágúst 2014).



## 2.3 HRÍÐIN - ARNGRÍMUR GEIRSSON



Arngrímur Geirsson (1937)  
fæddur í Álfagerði í  
Mývatnssveit. Starfaði sem  
kennari á ýmsum stöðum. Síðast í  
Mývatnssveit þar sem hann býr  
nú ásamt konu sinni Gígu  
Sigubjörnsdóttur í Álfagerði.

Lang oftast gekk Arngrímur á skíðum í barnaskólann í Reykjahlíð yfir ísilagt Mývatn. Hann var á fjórtánda aldursári þegar á hann skall óveður. Fyrir svo örstuttu hafði glampað á spegilsléttan ísinn en nú dundu á honum élin. Með í för var jafnaldri hans og góðvinur Björn Dagbjartsson, faðir hans Dagbjartur sem sá um öryggi göngugarpanna, systkinin á Skútustöðum sem létu sig ekki vanta í skólahópinn, Þorlákur og Álfhildur Sigurðarbörn sem og Hreinn Hermannsson frá Gautlöndum. Hópurinn var ekki kominn langt þegar stórhriðin brast á og skyggnið varð lítið sem ekkert. Dagbjartur snéri sér því að börnunum og bar undir þau hvaða stefnu þau vildu taka, halda áfram eða snúa við suður til lands. Þótt bylurinn væri sterkur setti Dagbjartur dæmið þannig upp að börnin urðu ekki smeyk við óveðrið, þótti fremur spennandi enda óljóst hvað leyndist handan snjókornanna. Börnin treystu honum og því varð úr að haldið var áfram í stað þess að snúa við með skottið á milli lappanna. Nú hagaði þannig til að ísinn var aldrei tryggur á öllu vatninu og því ávallt mikilvægt að haldast á réttri braut þegar farið var norður í Reykjahlíð. Dagbjartur þekkti leiðina betur en margur enda harðsnúinn ferðamaður og með vindstöðuna á sér fylgdu börnin honum fast eftir, hvert á fætur

öðru. Ferðin gekk ágætlega en öðru hverju var hópurinn þó tilneyddur til þess að stoppa og snúa undan því gengið var býsna beint í veðrið. Kuldinn náði einungis að bíta kinnar og nef ferðalanganna og virtust heimasaumuð útifötin ætla að standa fyrir sínu. Þá má teljast nokkuð ótrúlegt að ferðalangarnir hittu beint á Neslandabæinn. Skyggnið var það slæmt að Arngrímur sá ekki glytta í bæinn en hringt hafði verið í Neslandabóndann, Jón Sigtryggsson, sem sigaði hundunum og hópurinn áttaði sig hvert hann væri kominn. Bros færðist yfir andlit ferðalanganna sem enn höfðu ekki kvartað. Heimilisfólkið bauð þau velkomin og var beðið eftir að veðrið tæki að lægja. Dagbjartur hélt þá heim, suður yfir flóann en Arngrímur ásamt krökkunum norður yfir og skiluðu þau sér út í Reykjahlíð seint um kvöldið.

Stundirnar voru ófáar sem Arngrímur eyddi á vatninu. Í æsku hafði hann gaman af því að renna sér á því á skautum og æfa skíðagöngu. Arngrímur naut fegurðar þess á björtum dögum sem og heiðskírur nóttum. Hann lærði svo snemma að veiðin í vatninu væri það sem skipti sköpum fyrir búið í Álfagerði. Vorið 1952 hafði Arngrímur náð 15 ára aldri og var þá látinn draga fyrir í vatninu nánast alla daga ásamt félögum sínum en mikið var selt af glænýjum silungi. Tíðarfarið var afleitt það vorið, norðaustan krapahrið dag hvern, en veiðin var þó með besta móti. Stálpaðir drengirnir voru að veiða frá einhverjum tugum upp í 6-700 silunga á dag. Það virtist birta til ef vel gekk í silungsbúskapnum. Ósköp var glatt á hjalla þegar keyptar voru tvær dráttarvélur í Álfagerði fyrir silungspeninginn það árið. Arngrímur var yngstur systkina sinna og mikið eftirlætisbarn þó silfurskeiðin hafi verið fjarri. Ekki er hægt að segja að piltinum hafi oft leiðst því hann bjó við góðan

félagsskap í grenndinni og átti seinna eftir að segja þá sögu að sumarið 1959 hafi fjögur doktorsefni séð um að reka kýrnar honum til samlætis í Álftagerði.<sup>5</sup>



---

<sup>5</sup> (Arngrímur Geirsson, munnleg heimild, 14. ágúst 2014).

## 2.4 SOKKABUNKINN - GERÐUR BENEDIKTSDÓTTIR



Gerður Benediktsdóttir (1920) ólst upp á Höskuldsstöðum í Reykjadal. Þjó að Skútustöðum í Mývatnssveit með manni sínum Jóni Þorlákssyni. Er mikil handverkskona og býr enn að Skútustöðum.

Gerður var á heimavelli þegar kom að því að meðhöndla ullina, hún lék í höndunum á henni. Hún var því ekki hávaxin þegar heimilsfólkinu á Höskuldsstöðum í Reykjadal varð það ljóst að gagn yrði að henni, þó ekki væru höfð um það mörg orð. Kom það fyrir að hún dáðist að þráðarlegg móðurömmu sinnar því þráðurinn reyndist henni óslítanlegur. Merkilegur handverksgaldur hlaut að hafa verið lagður á bandið.

Gerður lærði snemma að þrjóna úr ull og reyndi að temja sér vandvirkni ömmu sinnar. Þó amma hennar væri fámál og augnsvipur hennar oft daufur yfir veturinn lék bandið ávallt um fingur

hennar. Sá leikur heillaði Gerði. Í framhaldinu var henni kennt að stinga, kasta og sauma og treyst fyrir þeirri kúnst að spinna. Ullin var gersemi sem mikilvægt var að nýta rétt.

„Sokkabunkinn hennar ömmu er alltaf hærri enn minn, alveg sama þó ég hafi mig alla við í þrjónaskapnum. Ekki að mér leiðist það, hef bara ekkert í hana í afköstum.“ Gerður, deilir þessum barnslegu áhyggjum með móður sinni Önnu á meðan móðirin hrærir í pottinum. Anna var góður hlustandi og staðfastur. „Þér er þetta í blóð borið stúlkukind, en amma þín býr að nokkrum árum. Þolinmæði lærir þú líka af okkur hinum eldri.“ Suðan kom upp í pottinum og brátt varð silungurinn tilbúinn, silungurinn sem fyrir svo stuttu hafði komið spriklandi upp úr Vestmannsvatni. Gulrófurnar voru komnar á borðið og ljóst var að vel skyldi borðað af smjöri. Þétt var setið við eldhúsborðið á Höskuldsstöðum. Gerður fékk vatni í munninn þegar hún horfði á smjörið bráðna á rauðum silungnum. Þó fann hún ekki fyrir hungri því hræra morgunsins stóð vel með henni. Í dag sem og flesta aðra daga yrðri tvímælt, spónamaturinn að þessu sinni grasaystingur. Sætt bragð ystingsins fékk Gerði til þess að minnast þess allra besta, sætsúpu með sagógrjónum og sveskjum. Eins og aðra daga var á borðum íslenskur matur, enda hollur heimaþinginn baggi. Hún átti eftir að þroskast vel á þessari næringaríku fæðu.

Södd og sæl hjálpaði Gerður móður sinni við frágang í eldhúsinu og hafði passlega lokið þeim störfum þegar gest bar að garði. Það var frændi hennar Alli Geira sem var mættur úr Fagranesi. Saman byggðu þau hús uppi á mel, Steinhúsmel. Húsin voru svo sem engin stórvirki, en steinum þurfti þó að raða eftir kúnstarinnar reglum á jörðina. Gæta þurfti að því að herbergi húsanna væru nægilega stór til þess að hægt væri að leggja brúður Gerðar inni þau. Alli var þó ekki mikið fyrir að meðhöndla þær gersemar enda gerði hann sér grein fyrir því að brúðurnar væru gull Gerðar. Hún átti tvær brúður, önnur bjó að ákaflega fínum glerhaus sem og ljósum efnisbúk, vel fylltum af ull. Sú seinni var úr kaupstaðnum stóra fyrir sunnan, Reykjavík, en móður systir hennar hafði sent henni hana. Sú brúða skartaði hrokknu hári sem glampaði á í sólinni. Þegar Gerður lagði hana útaf á melnum lokaði hún brúnum augunum samstundis. Slík varð værðin yfir henni. Ljóst var að


heimsóknir Alla, sem og annarra barna voru Gerði ómetanlegar þó henni hafi aldrei leiðst heimilislífið með fullorðna fólkinu. Það var hennar viskubrunnur sem hún bjó að alla ævi. Afköst hennar í æsku við sokkaprjón lögðu grunninn að því að hún varð annáluð handverskona á fullorðinsárum. Hver vill ekki eiga í dag gersemi á borð við rósavettlinga Gerðar frá Höskuldsstöðum?<sup>6</sup>



---

<sup>6</sup> (Gerður Benediktsdóttir, munnleg heimild, 27. ágúst 2014).

## 2.5 GRAMMAFÓNINN - GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON



Guðmundur Hallgrímsson (1938) fæddur í Grímshúsum í Aðaldal þar sem hann starfaði sem bóndi. Býr nú með konu sinni Halldóru Jónsdóttur í Fellsmúla í Aðaldal.


Það viðraði vel. Drengsnáðanum var komið fyrir á milli bagga upp á reiðing. Taumhaldið var nokkuð þétt enda ungi reiðmaðurinn meðvitaður um hlutverk sitt. Molda gamla skyldi ekki takast að bíta á heimleið sinni af enginu. Sá lífsreyndari þekkti vel leiðina heim enda hvorki hans fyrsta né síðasta ferð. Þarna var á ferðinni Guðmundur í Grímshúsum, þriggja ára að aldri. Faðir hans Hallgrímur treysti hestinum fyrir barninu. Heima í heygardi tók afi litla landbúnaðarmannsins á móti piltnum sem enn var of stuttur til að geta hleypt niður af hestinum. Ferðalagið gekk ávallt vel og þurftu þeir Moldi lítið að takast á. Tvö hlið voru á leiðinni en með einhverjum ótrúlegum hætti fór skynugur hesturinn ætíð í gegn án þess að baggi rækist í eða færi niður. Guðmundur hafði gaman af ferðunum og mat traustið snemma. Hann elti föður sinn eins og skuggi fyrstu árin sín. Þó horn, leggir og kjálkar væru hans stórbúskapur fyrst um sinn leyfði hann sér að dreyma stærra. Guðmundur ætlaði sér að verða bóndi, líkt og forfeður hans.

Eftir störf mín við baggaflutning taldi ég mig sjá það í augum afa að ég mætti nýta tækifærið og lauma mér burt, smugan var til staðar á meðan foreldrar mínir röltu heim af engjunum. Klukkan var að ganga tíu og ferskur morgunandvarinn lék um dalinn. Ég vissi minn áfangastað, átti mínar uppáhalds leiðir. Nú var mikilvægt að vera snöggur því ég átti gott verk fyrir höndum. Heimsækja þyrfti fjögur eldhús fyrir ellefu til þess að ég næði að átta mig á því hvar best væri að borða um hádegisdag. Nágrannarnir voru vinir mínir og ég þess vegna óhræddur við að bera fram bón um að fá að sitja við það eldhúsborð sem mér leist best á, hverju sinni. Ég vissi að föður mínum og móður voru þessar ferðir til ama og reyndu þau margsinnis að venja mig af þeim. Ég var því fljótur að átta mig á að það væri til lítils að bera ferðalög mín undir þau, ég fór út. Mamma átti það til að kalla mig matgráðugan, jafnvel óvenjulega, en húsmæðurnar í nágrenninu hlógu og skömmtuðu mér vel. Mikilvægt er þó að átta sig á að ferðir sem þessar eru ekki endilega eintóm skemmtun. Göngin í gamlabænum í Múla inn til Stjönu voru ævinlega dimm. Engin undantekning var á því í dag, kolniðamyrkrið tók á móti mér. Svo mikið er víst að gluggalaus göngin voru ekki fyrir þá sem þekktu illa til en ég hafði náð ágætri þjálfun í að laumast meðfram veggjum þeirra. Það kom þó fyrir að hjartað segði mér frekar að staldra við og bíða því ef hurðin í endann opnaðist inn í íbúð Valda og Stjönu birti til. Það gat þess vegna borgað sig að sæta frekar færis. Í dag taldi ég mig hins vegar ekki hafa tíma og hljóp inn ganginn.

Þennan tiltekna dag varð úr að ég borðaði hjá frændfólki mínu í Hellulandi. Ég var mættur snemma enda hrísgrjónagrautur með kanilsykri og saft út á í hádegismatinn. Mér leiddust ekki sætindin. Hellulandsbræður sátu inni baðstofu og hlustaðu á grammafóninn. Söngur hans fangaði athygli mína: „Hvernig er þessi söngur framleiddur?“ Spurningunni var varpað fram og þar með krafist

skýringa. Ég var kominn nánast inní fóninn og sá því ekki glott bræðranna. Hermann varð snöggur til og svaraði: „Já, það er nú ekki nema von að þú spyrjir frændi, inn í kassanum eru dvergar. Þeir leika á hin ýmsu hljóðfæri eins og þú heyrir og syngja svo svona líka vel! Kanntu ekki vel að meta færni þeirra?“ Átti ég að trúá þessu? Var þarna staddur heill ævintýraheimur fyrir framan mig? Í þessum kassa? Kassinn er nú ekki stór svo varla getur farið vel um dverga greyin og hljóðfærin þeirra öll? Ég minnst sagna ömmu af huldufólkinu í Eyjafirði. Það reyndist öllum vel og var víst oft heimilisfólki hjálplegt. Hugsanir mínar tróðust hver yfir aðra. Völundur stóð með yngri bróður sínum og lýsti starfi dverganna enn frekar fyrir mér. Hermann hafði nú sagt mér ýmsar sögur sem voru sumar varasamar, en fyrst Völundur studdi frásögnina gat ég ekki annað en trúað þessu. Það varð því úr að ég krafðist þess að fá að sjá þessar litlu verur. Bræður reyndu að klóra í bakkann og færðust undan lengi vel. Loks nálgast Völundur skrúfjárn og fer hægt og rólega að losa hljóðdósina. Í galsanum varð hljóðdósin laus og frænka, Þorbjörg sem taldi hrísgrjónagrautinn löngu tilbúinn, kom inn, dálítið gustmikil. Ég sem hafði spennst allur upp áttaði mig á að skammirnar sem frændur mínir fengu þarna, jörðuðu alveg tilvist dverganna í boxinu. Þó brýnt væri fyrir að bannað væri að skrökva í mig, krakkann, hlógu þeir dátt. Einn daginn skyldi ég verða það stór að ég hefði þá í áflogunum í hlaðvarpanum, án hjálpar Ásbjörs vinar míns í Norðurhlíð sem oft var mín stoð og stytta.

Sjáðu, allir árstímar og allar árstíðir hafa sína fegurð. Bernskan er mannverunni dýrmætur tími. Bera skal að læra af brekkunum og geyma bros ævinnar. Hljýjan er okkar lífsins nesti.<sup>7</sup>



---

<sup>7</sup> (Guðmundur Hallgrímsson, munnleg heimild, 10. september 2014).

## 2.6 GAGN OG GAMAN - GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR



Guðrún Sigurðardóttir (1948) fædd að Oddstöðum á Melrakkaslétu. Starfaði kennari og talmeinafræðingur, lengst af við Hafalækjarskóla. Er nú búsett á Akureyri.

Sjávargolan lék um rauða lokka Gunnu. Stúlkan átti það til að ímynda sér að vindurinn væri mættur sérstaklega til þess að heimsækja hana. Hún naut þess að hlusta á hann hvísla að sér leyndarmálum og sögum handan hafsins. Oftar en ekki hafði margt orðið á vegi hans og því gátu sögurnar verið fjölskrúðugar. Í dag þaut vindurinn með sjávarsíðunni, yfir í móann þangað sem Gunna stóð. Þrátt fyrir að vera aðeins á fimmta aldurs ári, er hér verið að tala um ljósmóðurina á bænum Oddstöðum á Melrakkaslétu. Hún veigraði sér ekki við þeirri ábyrgð enda ekki vön að skorast undan starfi. Litlar nettar hendurnar

urðu því fljótt vanar að snúa lömbum sem og að toga og losa til fætur. Sauðburðurinn var settur frekar seint á Sléttunni, um mánaðarmót maí – júní. Þá var Guðrún vön að standa sólarhringsvakt. Hlutverk hennar fól þó oftast í sér að vakna snemma á morgnana og þræða móana til að huga að fé. Gleðistundirnar í sauðburðinum voru margar og Guðrún alin upp við að ganga út frá því að allt gengi að óskum. Að vera fjárbóndi er ekki fyrir hvern sem er, en hún fann blóð bóndans renna um æðar sér. Guðrún þekkti ekki mark bæjarins, hún þekkti bústofn sinn á svipnum. En stutt var í alvöru lífsins því henni lærðist snemma að sumir hlutir í búskap væru, af illri nauðsyn. Guðrún var miðjubarn, og átti tvær eldri systur, varð því einyrkinn, faðir hennar, að gera þær ungur að vinnumönnum. Hann kenndi henni tókin og lánaði henni vasahníf ef hún kæmi að lambi sem þyrfti að aflífa. Stúlkan tók við hnífnum og óskaði þess að hún þyrfti aldrei að bregða honum.

En sá dagur rann upp. Á milli þúfna lá nýfætt karlamb. Greinilegt var að það hafði fæðst eitthvað líflítið því hrafninum hafði tekist að kroppa glyt augna þess. Hnífurinn sem áður hafði þá ekki verið brúkaður af þeirri stuttu, gegndi nú hlutverki sínu. Litlu hendurnar struku rauðu lokkana frá tárbotum augnum. Hjartað sló örar, svo ört að verkjaði. Gunna vissi þrátt fyrir það að svona varð þetta að vera. Gangur lífsins var henni eðlilegur. Seinna um haustið horfði hún á eftir heimalingnum sínum í slátrun.

Gunna uni sér alla tíð best úti við, en ef inn var komið komst hún snemma upp á lagið með að tileinka sér bókmenntir. Fyrstu ár ævi hennar hafði amma hennar sem var til húsa heima hjá þeim séð henni fyrir sögum. Amman, sem var orðin prinsessa, sinnti starfi finnar frúar samviskusamlega og þótti gaman að spila á spil við Gunnu litlu á milli sagna. Það kunni Gunna að meta. Haustið sem hún varð fimm ára var Systa, sem var næst henni í aldri að búa sig til í skólann á Kópaskeri. Hún var eitthvað að týna til bækur og þótti Gunnu hún heldur montin með sig og taldi að það hlytu að vera voðalegir höfðingar sem sæktu skóla. Svo litla skottan gekk upp að systur sinni og bað hana um að kenna sér að lesa sem snöggvast. „Jahh, jú ég hef svo sem ekkert betra við tíma minn að gera,” ansaði Systa henni og tók upp þá bók sem lá henni næst og hóf kennsluna „Sjáðu, þessi bók heitir

Gagn og gaman. Þetta er A og Á og svo U og Ú. Svo höfum við hér O og Ó og þarna sérðu S og Í. Já, ef þú svo setur saman S og Í verður það SÍ!” Gunna starði á stafina og át hvert orð systur sinna upp til agna. „Já, núúú” ansaði hún og spurði: „Hvað heitir þessi?” Baugfingurinn benti á R og svarið var henni innan seilingar. „Ja, þetta er R og hann segir sko rrrrr.” Gunna settist niður með bókina og fletti henni í gegn. Hver stafur virtist eiga sína sögu en sagan náði ekki lengra í þetta skiptið því framundan biðu Gunnu útiverkin. Á haustin var í nógu að snúast, göngur og réttir, heimaslátrun og sláturgerð, tími fyrir lestur var því lítill. En eftir sláturtíðina veiktist móðir Gunnu illa. Hún var þá ófrísk og komin eina sex mánuði á leið og því mælt til að hún lægi síðustu þrjá mánuðina á meðgöngunni. Þá gerðust nú góð ráð dýr því amman, prinsessan sjálf þurfti að fara að sinna heimilinu og því enginn tími fyrir sögur og ennþá síður spil. Gunna elti ömmu sína um og nauðaði en þurfti oftast en ekki að vinna að henni fannst heldur mikið fyrir sögunum. Hún átti að sópa gólf, búa um rúmin, fara út í búr og sækja þetta og gera hitt. Því tók það stúlkuna einungis örfáa daga að átta sig á að svona lagað léti hún ekki bjóða sér. Hún fór inn að bókahillu og náði í bókina *Litlu systur tvær í litla hvíta húsinu*, kom sér fyrir í stofusófanum og hóf lestur. Einu sinni eða tvisvar stóð hún upp og bar undir móður sína hvað einhverjir stafir hétu en annars hámaði hún í sig það sem pappírinn geymdi. Í uppáhaldi urðu ljóðmæli Páls Ólafssonar en þau las hún upp til agna og lærði utan bókar. Gunna átti auðvelt með að gera pýrumpárið á blaðinu að skýrum orðum uppi í höfðinu. Vísur Stefáns Jónssonar, *Enn hvað það er skrýtið* myndskreyttar af Tryggva Magnússyni voru henni á við konfektmola en í mestu uppáhaldi var þó kvöldlestur föður hennar. Eftir þeim stundum beið hún með tilhlökkun. Stúlkan, fimm ára, varð gjörsamlega heilluð af framhaldssögunni *Sjálfstætt Fólk* – sögunni sem átti eftir að stýra hennar bókmenntaáhuga til lífstíðar.<sup>8</sup>



---

<sup>8</sup> (Guðrún Sigurðardóttir, munnleg heimild, 20. ágúst 2014).



## 2.7 HELGU LITLU VAR EKKI RÓTT - HELGA BALDURSDÓTTIR



Helga Baldursdóttir (1927) er fædd í Fagraneskoti í Aðaldal. Þjó ásamt manni sínum Kristjáni Benediktssyni á Hólmaðaði í Aðaldal. Þar býr Helga enn.

Helgu litlu var ekki rótt. Stríðið olli henni hugarangri. Um friðsælu sveitina óku nú trukkar, jafnvel skriðdrekar og saklaust barnið skildi lítið í þessum óvæntu gestum. Um daginn höfðu þessir svo kölluðu hermenn meira að segja kveikt heljarinnar bál sunnan við Grenjaðarstað. Hún hafði séð það vel og vinkona hennar Svandís á Staðarhóli líka. Saman ræddu þær málin og voru sammála um að þetta færi allt mjög illa í þær. Vinkonurnar kusu frekar að byggja ímynduð hús með því að draga línur í mold eða möl, labba í svokallaða kassa. Ekki fannst þeim svo síðra að halda drullukökuveislur. Svo margar drullukökur

voru oft bakaðar að afgangurinn entist út vikuna. Kökurnar voru hver annarri fallegri, skreyttar túnfíflum. Helga undi sér vel í leik, átti auðvelt með að gleyma sér í hugarheimi sínum. Þar lék alltaf allt í lyndi, allir voru vinir, menn sem og dýr. Því má með sanni segja að vanalega var allt með kyrrum kjörum hjá þeim stöllum, Helgu og Svandísi. Helga átti eftir að ríghalda í þann eiginleika að geta leikið sér fram eftir öllum aldri, geymdi horn sín og leggi.

En sú staðreynd lá fyrir að flugvélnar rétt skriðu yfir dalinn og gat því tilvist þeirra ekki farið fram hjá Helgu. Eitt sinn kom flugvél niður yfir heiðina hjá Presthvammi. Hún bókstaflega renndi sér niður og svo vestur. Helga sá vélina ekki en frétti að heimilsfólkið í Múla hefði orðið vitni að ferðum hennar, svo lágt flaug vélin víst að hún leit út fyrir að vera á túngarðinum. Tilhugsunin ein fékk litla hjartað til þess að slá full ört, lágflugið heillaði ekki. Það fréttist svo seinna að hermennirnir hefðu verið að leita að senditækjum og því Helga örugg sem fyrri daginn. Reyndar var Helga hrædd við ótal margt. Illa við bíla sem og fugla, jah, nánast allt á ferð. Oftar en ekki hvatti hræðslan hana til þess að vera á varðbergi, jafnvel í viðbragðsstöðu. Eitt sinn var Helga að snúa með hrífu norðan við hraunið, austan við Aðalból. Hún taldi sig vera frekar óvarða standandi svona ein út á miðjum túnfletinum og íhugaði því varúðarráðstafanir ef til kæmi að flugvél flygi yfir. Eftir að hafa metið aðstæður ákvað Helga að öruggast væri fyrir hana að fela sig þá í hrauninu, það lá beint við. Þar ætti hún að geta látið lítið fyrir sér fara því margar voru holurnar í grenndinni. Frá þeim gæti hún jafnvel forðað sér í helli í hrauninu, hellir bauð upp á öruggt skjól. Vélin sást þó aldrei en óhljóðin glumdu um dalinn. Oftar en ekki voru fæturnir viðbúnir því að hlaupa af stað og takið laust um hrífuskaftið. En dagurinn leið, sem og aðrir dagar.<sup>9</sup>

---

<sup>9</sup> (Helga Baldursdóttir, munnleg heimild, 6. ágúst 2014).



## 2.8 BLÉS Á NORÐVESTAN - HELGI HÉÐINSSON



Helgi Héðinsson (1928) fæddur á Húsavík. Bjó með konu sinni Maríu Guðmundsdóttur á Húsavík alla tíð. Helgi starfaði sem sjómaður.

Á æskuárum Helga Héðins var bryggjulífið annað en þekkt í dag. Í höfninni dugguðu smátbátar og aðeins stærri trillur, en það gat verið varasamt að eiga þær á floti upp á að missa þær. Helgi var aldrei sjóveikur sem barn og kunni vel við sjávargoluna svo lengi sem hún hvessti ekki og blés á norðvestan. Norðvestanáttin var merki um að illa gæti farið. Það var í febrúarmánuði, 1937 að norðvestanáttin fékk Helga, 9 ára drenginn, til þess að óttast um líf föður síns og vinar hans Hallmars Helgasonar. Félagarnir höfðu haldið út um kvöldmatarleytið, þrátt fyrir leiðindaspá þar sem þeir bjuggu ekki að mörgum netum og vildu vitja netsins innan við Kaldbaksskerið. Fljótlega tók að hvesa. Stráklingurinn stóð á Bakkanum og horfði út á hafið. Norðvestan vindinunum fylgdi mikill útsveimur og þá springur mikið á báru. Báran var hvöss og Helgi horfði á hana brotna. Hver maður gat séð að barninu leist ekki á blikuna. Myrkrið gleypti brimið. Ráðlegt væri að bera þessar aðstæður undir afa. Skrefin voru hröð úteftir þar sem afinn tók á móti móðum drengnum. Úr varð að bræður Héðins færu út á eftir þeim, Þráinn og Gunnar. Vel fór, því sjóararnir mættust þegar þeir voru komnir út fyrir Kalbaksskinnið en

Héðinn hafði ekki talið ráðlegt að lenda í fjörunni svo óslétt var hún. Úr hafði orðið að setja í Gvendarbásinn því þar var þokkalegt skjól. Fagnaðarfundirnir urðu miklir, ekki síst hjá þeim stutta.


Ári áður hafði sjónum þó fyrst tekist að ögra lífi Helga sjálfs þó hann kysi oft sem barn að gleyma því. Helgi hafði gengið heim í hádeginu úr skólanum eins og vaninn var og að matartíma loknum ákvað hann að koma við hjá vini sínum Arngrími, hann átti heima á Bakkabrúninni. Félagarnir héldu niður að höfninni, eins og oft áður, og þvældust þar um á bryggjunni. Hluti hennar var í smíðum og dekkið ekki fulllagt. Helgi var annars hugar og rak tána í og fór þar með suðuraf bryggjunni. Það vildi svo heppilega til að maður sá hann út um glugga og sendi bræður sína hlaupandi til hjálpar. Arngrímur hljóp beinustu leið til tveggja vinnandi manna sem voru að sækja sand þar skammt frá. Mennirnir fylgdu honum til baka, komu sinn hvoru megin við bryggjuna og annar þeirra fann Helga þar sem honum hafði skolað upp. Drengurinn var þá orðinn það máttlaus að hann gat ekki gengið og var borinn heim þar sem Björn læknir lét fljótlega sjá sig. Helgi seldi upp og var eftir sig en jafnaði sig þó fljótt. Þrátt fyrir þessa lífsreynslu var hættan sem gat stafað af hafinu fljót hverfa úr hugarheimi barnsins. Í æsku undi hann sér hvað best í fjörunni.

Á sumrin gleymdi Helgi sér við að rissa í fjörusandinn eða skríða um hann í leik við vinina. Fjöl eða rekaviðarbútur gat líka boðið upp á ótrúlegustu ævintýr. Að fá að róa árabátunum í höfninni við bryggjuna stóð upp úr, þó varast skyldi að fara langt. Útileikir og frjálstlegt uppeldi einkenndu æsku Helga. Á höfninni gekk ætíð á ýmsu og þar var margt að gerast. Oftar en ekki voru sumrin á Skjálfanda góð. Á vorin fylgdi mikilli átu mikill fiskur sem gekk upp í Sandvíkina og svo utar, ofan við

Lundey er kallað var Barmur. Sumrum þar sem selsíld og loðna réðu ríkjum fylgdi mikil veiði, fiskur á fimm til átta föðmum. Hjarta sjómannsins átti seint eftir að fá nóg af myndinni af fuglinum fljúgandi yfir síldartorfunum. Í ætisleit með sólina í vænghafinu. Skjálfandi var heimavöllur Helga Héðinssonar.



## 2.9 SÓTA MÍN - HÖSKULDUR ÞRÁINSSON



Höskuldur Þráinsson (1946) fæddur á Húsavík og ólst þar upp. Húsasmiður og hestamaður sem nú er fluttur aftur heim á víkina eftir að hafa búið víða, héraendis og erlendis.

Brúnu, umtöluðu augun fylgdu föðurnum, Þráni, eftir. Þau höfðu nú heillað þær margar húsmæðurnar í nágrenninu og fengið móður eigandans, Maríu, til þess að snúast í kringum sig. En í dag voru þau tárvot því Skjóna var týnd. Þó oft hefði gengið á ýmsu hjá þeim Skjónu fann Höskuldur hvernig tárin brutu sér leið fram. Faðir hans hafði gefið honum Skjónu þegar hann var sex ára gamall og þegar hún kom úr tamningu frá Sæþóri í Austur-Haga fór drengurinn að dunda sér við hana sjálfur. Í raun hafði hún reynst honum vel, ósköp þægileg en sérstök. Það hversu dettin hún var gat þó farið í taugarnar á Höskuldi, sérstaklega þegar hún hnaut um hvern drullupollinn á fætur öðrum. Sá reiðstill hentaði ekki prinsinum í Hruna, og því óþarfi að minnast á þau skipti sem hann fór fram af henni. Hnén á Skjónu hans voru ansi oft flumbruð. En síðustu daga hafði Höskuldur fundið fyrir óvenju miklum spenningi því fyrir slysi hafði Skjóna orðið full og nú var komið að því að hún að kastaði. Þetta hvarf hryssunnar kom honum því sérstaklega í opna skjöldu. Hjartað var ekki alltaf stórt og áhyggjurnar gátu verið miklar.

Höskuldur trítlaði í humátt á eftir föður sínum sem var með kík í hönd. Ósköp virtust vegalengdirnar miklar þegar hvergi glytti í Skjónu hans. Yfirvegun þess eldri róaði þó snáðann. Eins ör og hjartaslátturinn var orðinn þá jókst hann um helming þegar faðir hans hnippti í hann og sagðist sjá djásnið hans. Þá höfðu þeir gengið austur fyrir Húsavíkurfjall og voru komnir austan við Gyðuhnúk þegar sást til Skjónu langt austan við Búrfell. Þegar nær kom sá þjakkurinn að hún var ekki ein. Skjóna var köstuð lítilli hryssu, sótrauðri. Merin var teymd heim og folaldið sem fékk nafnið Sóta, fylgdi fast á eftir. Þráinn sá snáðann sinn hækka um þrjá sentimetra, svo stoltur var hann af stóðinu sínu.

Höskuldur var yngstur fimm systkina, tuttugu árum yngri en elsta systir hans, Helga. Honum leið því oft eins og einbirni og vafði foreldrum sínum um finger sér. María móðir hans var heimavinnandi og alltaf vinnandi, það var nóg að gera hjá húsmóður sem henni þó heimilið væri í sjálfu sér ekki orðið stórt. Faðir hans, Þráinn stundaði sjóinn og þótti Höskuldi ekki leiðinlegt að fá að fylgja honum eftir. Sá dagur reyndist þeim stutta ógleymanlegur þegar hann fékk að fara með þeim félögum, föður sínum og Hallmari Helga til sjós og svakaleg hnísu vaða varð á leið þeirra. Skyggnið var gott og Höskuldur var látinn dóla við manúeringuna, við vél og stýri, á meðan hann dáðist að þeim félögum skjóta á hnísurnar. Alls veiddust 34 hnísur og trillan einungis tveggja og hálf tónna svo staflinn var kominn langt upp fyrir borðstokka þegar siglt var í land. Ævintýrin voru dagleg og Höskuldur oft rogginn af föður sínum, sjómanninum. Kvöldin gátu þó reynst erfið þegar snáðinn stóð úti við vitann og skimaði eftir föður sínum á meðan brimið brotnaði.

Þó trilluferðirnar gætu verið spennandi reyndist hestamennskan eiga hug Höskuldur allan. Gömlu hjónin í Kvíabekk, Kristinn og Indíana löðuðu hann snemma að sér, ekki einungis vegna vinskapar þeirra við móður hans heldur út af bleikri hryssu sem þar var til. Fátt var meira spennandi en að þríla á bak henni og svo ljómaði barnið þegar ætlunarverkið tókst að áhuginn gat ekki farið framhjá foreldrunum, né gömlu hjónunum. Þegar Kristinn var svo kominn inn á spítala var hann studdur út að glugga og sjö ára guttinn reið framhjá glugganum hans á þeirri bleiku. Sú reiðferð varð þeim báðum dýrmæt. Að launum gaf Kristinn Höskuldi öll sín reiðtygi og seinna átti stóreigna hestamaðurinn eftir að fá hnakk í fermingargjöf frá foreldrum sínum. Ferillinn var þá rétt að byrja.


Þegar Höskuldur náði 15 ára aldri var hann ráðinn sem léttadrengur í Einarstaði í Reykjadal. Hestamannafélagið Þjálfí rak þar tamningastöð á sumrin og áttu þeir Geir í Álftagarði og Steingrímur á Æsustöðum að hafa gagn af honum. Þar með var tamningaferillinn hafinn og tók Höskuldur Sótu sína með sér. Starf hans fólst aðallega í því að haldast á baki enda gat það verið meira en fullt starf. Töggur var í drengnum en hann var settur í fyrstu skiptin á öll trippin sem mörg voru snarvitlaust. Þeir eldri tóku svo við þegar trippin höfðu gefið sig. Þó Höskuldur héldist merkilega á baki voru hestarnir margir rammhrekkiþjótt kvikindi, líkastir villihestum. Kynni hans af fola sem Villi Franz frá Halldórsstöðum hafði keypt úr Skagafirði varð viðfangsefni hans út sumarið. Folinn var fallegur, stór og stæðilegur, dökk rauður. En fegurð er víst ekki ávísun á gott innræti og slægur var óþokkinn. Hvern einasta dag í hálfan annan mánuð hrekkti folinn Höskuld og beit frá sér ef tækifæri gafst til þess. En klíkkunin reyndist báðum megin, því Höskuldur hafði gaman af þessum látum og gaf sig ekki heldur. Aldrei náði folinn að henda honum af baki og styrktist knapinn einungis ef eitthvað var. Var það því einn daginn sem óargadýrið tók upp á því að stökkva með hann í stungu rokem í Reykjadalssána fyrir neðan Öndólfstaði. Lentu þeir þar í djúpum hyl enda stökk hesturinn í blindni og urðu þeir báðir, félagarnir, að fá aðstoð við að koma sér upp úr honum. Hestinn varð að teyma á sundi þangað til hann náði að fóta sig. Mátti Höskuldur þá sennilega þakka fyrir að María móðir hans sá ekki útganginn á gullmolanum sínum því þá hefði verið reynt að binda enda á hestamannaferilinn.<sup>10</sup>



---

<sup>10</sup> (Höskuldur Þráinsson, munnleg heimild, 18. september 2014).

## 2.10 HORNIN VORU MÍN LEIKFÖNG - INDRÍÐI KETILSSON



Indriði Ketilsson (1934) er fæddur á Ytra-Fjalli þar sem hann býr enn. Kona hans er Valgerður Ragnarsdóttir. Indriði starfaði sem bóndi.

Hornin voru mín bestu leikföng. Ég átti ekki langt að sækja áhuga minn á þeim því faðir minn átti enn horn af sinni fyrstu kind þegar ég var að alast upp. Til þess að ég hefði hins vegar einhverja verulega ánægju af hornunum þurfti ég að vita af hvaða skepnu þau voru. Barnið ég þekkti því um 3ja ára aldur á um annað hundrað horna enda sat ég löngum stundunum á baðstofugólfinu og lék mér að því að raða gersemum mínum, hlið við hlið, eftir kúnstarinnar reglum. Satt besta að segja fengu systkini mín ekki mikla hlutdeild í þessu, enda svo sem laus við alla ágirnd. Hornin voru mín, ég hafði einkaleyfi á þeim.


Fyrsta kindin sem ég eignaðist var goltótt ær af forystukyni. Reyndar ekki hægt að segja að pabbi hafi beinlínis gefið mér hana heldur sá móðursystir mín til þess að skepnan yrði mín. Og það var látið eftir. Golta mín var með eindæmum gæf og fékk ég undan henni marga mannelska hrúta. Um þriggja ára aldur eignaðist ég því hann Hrússa minn, hvítan hrút sem um haustið hélt í Kaupstaðinn. Mér var þá sagt að hann væri

geymdur í Sparisjóðnum og átti ég seinna eftir að litast um eftir honum fyrir framan Sparisjóðsborðið. Móðir mín kreisti þá hönd mína örlítið fastar þegar snáðinn ég hvíslaði: „Ég sé hvergi Hrússa minn“. Skepnumar á Ytra-Fjalli voru mínir vinir svo þó gangur lífsins væri útskýrður fyrir mér vandist hann illa. Við fjárskipti eftir að mæðiveikin herjaði á sauðfjástofninn gekk ég meira að segja svo langt að láta þau orð falla að mér myndi aldrei þykja vænt um nýja féð. Það fylgja því sárar tilfinningar að missa verðmæti sín.

Nokkuð er víst að ég kaus að passa upp á mitt og fyrst ég gat ekki ráðið búskaparhögunum alla mína tíð þá varð hirsla sem móðir mín gaf mér, gamall saumavélarkassi með smíðuðu loki, að duga sem mitt yfirráðasvæði. Í honum geymdi ég bæði bækur og allskonar skran sem ég þóttist geta leikið mér að. Leikgildið var þó misjafnt og man ég ekki til þess að hafa leikið mér mikið að augasteinunum úr síldunum sem ég safnaði markvisst úr síldarmjölinu sem var notað sem fôðurbætir. En ég passaði upp á steinana í góðum bauk sem og kvarnir úr fiskhausum. Faðir minn var svo fyrirmynd mín í eldspýtnastokkasöfnun og miða. Miðarnir voru af allskyns varning, hver öðrum meira framandi og spennandi. Í hirslunni leyndust miðar utan af súkkulaði, vindlingum og bandhespum svo eitthvað sé nefnt. Súkkulaðimiðarnir þóttu sérstaklega skrautlegir og þóttu mér þeir nánast ofskreyttir, þaktir medalíum og konunglegu myndefni. Öllu þessu safnaði ég.

Við hlið hirslunnar geymdi ég svo kassann með hornunum mínum og bílkubb sem mér hafði áskotnast. Hann var telgdur og hjólin undir honum hringarnir af haglaskotum. Ég gat svo sem leikið mér að honum þó ég hafi lengi vel verið bílhræddur. Barninu þóttu þetta skelfilegar ófreskjur sem þutu um. Móðir mín reyndi eitt sinn að sannfæra mig um að verða henni og systur minni, Ásu,

samferða út á Tjörnes. Sjálf var hún ættuð þaðan, frá Ytri-Tungu, og langaði því skiljanlega að heimsækja fjölskyldu og vini með börnin sín með í för. En það ætlaði ekki að ganga greitt að fá mig með. Þegar við vorum komin hálf leiðina niður braut, þá spyrnti ég við fótum og harðneitaði að fara lengra. Blessuð móðir mín varð að kaupa mig fyrir tvær krónur. Peninginn hafði vinur hennar á Tjörnesi gefið henni til minningar um sig en peningnum var síðan fórnað til þess að fá mig, drenginn, með sér. Tárin þornuðu þegar ég sá glampa á silfrið en minnisstætt er mér hve æsileg ferðin var. Víðáttan sem átti eftir að gagntaka mig á landakortum þaut nú að hluta framhjá og ég fann fyrir ónotalegheitum í maganum. Ónotalegheitin brenndu sig greinilega það djúpt að ég átti ekki eftir festa kaup á bíl fyrr en um 50 árum seinna.<sup>11</sup>



---

<sup>11</sup> (Indriði Ketilsson, munnleg heimild, 3. september 2014).



## 2.11 RÓFUGARÐURINN - ÍVAR JÚLIÚSSON



Ívar Júlíusson (1935) fæddur á Húsavík þar sem hann býr enn í dag. Kona hans er Björg Skarphéðinsdóttir. Starfaði sem sjómaður.


Ívar klæddi sig úr skónum. Félagar hans Halldór Ingólfsson, Jón Þorgeirsson og Jónas Sigmundsson léku sér með heimasmíðaða stórbáta í grennd við hann. Þeir voru staddir á Bakkanum en þar var mikil móhella og undan rann heitt vatn svo auðvelt var að búa til góða polla til þess að sulla í. Ívari hafði tekist að mynda einn óvenju stóran í dag og gat ekki beðið eftir að dýfa tánum ofan í brúnleitt sullið. Félagar hans veittu honum fljótt athygli og tánum fjölgaði í buslinu. Jafn saklaus og dægurstytting drengjanna gat verið þá voru þeir oft mjög uppátækjasamir. Á meðan þeir spekingarnir leyfðu sólinni að þurrka á sér drullugar tærnar fengu þeir vatn í munninn við skipulagningu kvöldsins. Nú var tími rófuuppskeru og rófugarðurinn mikill á Sólbakka hjá Þóri Friðgeirssyni. Ívar taldi öruggast að þeir laumuðust eftir kvöldmatinn því þá væri farið að myrkva. Að sjálfsgöðu var ekki lagt á ráðin með stórrán, aðeins fyrirhugað að næla sér rétt aðeins í smakk. Ósköp sem rófurnar voru sætar og góðar, nýuppteknar á haustin. Þær jöfnuðust þó ekki á við brjóstsykurinn sem hermennirnir lumuðu á í baukunum sínum.

Sívalar stangir með rauðri rönd, bragðið á við töfrabrogð. Tilhugsunin ein fékk Ívar til þess að íhuga að ganga þangað sem hermennirnir voru að grafa á bakkanum og sjá hvort baukurinn yrði ekki tekinn upp eins og fyrr um daginn. En amma hans, Guðlaug, hafði brýnt fyrir honum að hafa ferðirnar nú ekki of margar. Ívar taldi sig þó eiga nokkra mola inni hjá þeim enda hafði amma hans fært þeim heimaprjónaða vettlinga á sínum tíma og ættu þeir grænklaedu því ekki að sjá eftir nokkrum fleiri sykursætum ofan í þá drengina.

Vinirnir kvöddust og héldu hver í sína áttina. Fyrirhugað var að hittast um hálfátta leytið, og ekki mundi saka að hafa eins og eina skóflu með í för fyrir rófuuppgröftinn. Mikilvægt væri að handtökin yrðu hröð. Ívar sparaði þess vegna orkuna og stefndi heim á leið í mestu makindum. Þessa vikuna var það hans hlutverk að reka og sækja kýrnar norður fyrir bæinn. Sú regla var á að nágrennarnir rækju kýrnar sínar saman og vikunum því skipt á milli þeirra. Það sem Ívari leiddist reksturinn. Reglurnar heima hjá afa hans og ömmu voru þó ekki stífar og uppeldið því fremur frjálst. Ívar var nokkuð óstýrlátur og krafði það ömmu hans um visst eftirlit því fjaran átti til að heilla hann meira en skólinn. Reyndar heillaði fjaran drenginn eiginlega fremur oft og þó það væri einungis klukkutími í að Ívar ætti að húa á eftir kúnum þá gat hann bara ekki staðist freistinguna, hann var mættur í fjöruna. Ívar ætlaði bara rétt að hoppa í sjóinn. Fötin voru lögð í sandinn og drengurinn hljóp út í sjóinn. Kýrnar í haganum gleymdust um stund.

Að tileinka sér sundtökin hafði ekki þvælst fyrir honum en hann hafði náð öðru stigi í sundi á Laugum á sínum tíma á aðeins viku. Hann minntist þess að hafa verið barinn með bambusstöng í höfuðið ef hann synti ekki svo hann kaus frekar að busla eins og hann ætti lífið að leysa. Buslið fór svo að skila

Ívari þokkalegri yfirferð sem hann hafði gaman af að æfa þegar færi gafst. Pilturinn átti aldrei eftir að minnst þess að finna fyrir sjóhræðslu. Sjórinn varð hans heimavöllur.<sup>12</sup>



---

<sup>12</sup> (Ívar Júlíusson, munnleg heimild, 23. ágúst 2014).

## 2.12 PRAKKUR - KRISTJÁN ÁSGEIRSSON



Kristján Ásgeirsson (1932) fæddur á Húsavík þar sem hann býr enn þann dag í dag. Kona hans var Erla Helgadóttir. Kristján starfaði sem sjómaður.

Það hlakkaði í Kidda á meðan hann reyndi að ná taki á hananum sem í dag, sem og aðra daga, kaus að streitast óþarflega á móti. Haninn var litskrúðugur og greinilega vanur óhóflegri aðdáun því stoltið skein af honum. Samskiptin ollu talsverðum usla en að lokum gekk allt að óskum. Haninn var króaður af og klófestur. Markmiðið var svo sem ekki flókið, drífa þyrfti hanann út úr búrinu þar sem hann vanalega réð ríkjum og yfir í næsta kofa. Hænsnaskarinn sem var honum undirgefinn var þar með skilinn eftir og nýr hópur tók að ögra virðingu og stöðu hans. Mikilvægt var auðvitað að vekja svo ekki of mikla eftirtekt því

aðal skemmtunin fólst í því að fylgjast með viðbrögðum kvennanna þegar þær komu grunlausar til þess að ná í egginn eða gefa hæsnunum. Í dag hafði Kiddi náð koma sér vel fyrir í felum og naut afrakstursins, dæmalaust gleðiríki. Það virtist seint geta klikkað að í hvert skipti sem kofahurðin var opnuð flaug haninn á þann sem kom og því fylgdu skrækir, óp og köll sem kaffærðu skríkið í Kidda. Já, honum tókst snemma að krækja sér í viðurnefnið Kiddi Prakk, en sumir létu nægja að kalla hann einungis Prakk. Kiddi gekkst við báðum viðurnefnunum.

Prakkurinn var uppátækjasamur enda heilsuhraustur og lá því beint við að hann þyrfti útrás fyrir orkuna. Faðir hans, Ásgeir, var afskaplega glaðlyndur og sanngjarn maður og því ekki algengt að drengurinn fengi skammir. Veganestið sem Kidda var borið á borð var að læra af mistökunum og halda áfram. Þá lífssýn var Prakkurinn tilbúinn að tileinka sér og tók hvern dag fyrir sig. Það gat hins vegar oft reynst nægjanlegt dagsverk að reyna að komast undan því að sinna þeim verkum sem löggð höfðu verið fyrir hann. Nokkuð öruggt var þá að stofna til fótboltaleikjar í Réttinni eða koma sér vel fyrir með tálgaðan bát við stífluna. Á sérstökum góðviðris dögum var upplagt að forða sér niðri fjöru eftir að hafa hrekkst einstæðingana sem móðir Kidda hafði tekið að sér. Þar taldi hann sig öruggan fyrir skömmum gamlingjanna. Á meðan sólin skein skemmti Kiddi sér við að synda í sjónum og naut þess að sundsprettinum loknum að finna heitan sandinn strjúkast við tærnar. Hvort sem það var svo samviskan sem gaf sig á tal við hann eða hvað, þá kviknaði einn daginn í fjörunni sú hugmynd að þeir félagarnir skyldu stofna Drengjafélagið Val. Félagið fékk góðar undirtektir og varð úr að haldin var tombóla ár hvert til styrktar gamla fólkinu. Eitt árið afhenti Kiddi hreykinn tuttugu krónur í umslagi og lét þá að mestu af hrekkjunum. Sigurði gamla Einarssyni gæti þó hafa brugðið nokkrum sinnum til viðbótar.<sup>13</sup>

---

<sup>13</sup> (Kristján Ásgeirsson, munnleg heimild, 17. ágúst 2014).



## 2.13 TVÍÆRINGUR - RANNVEIG BENEDIKTSDÓTTIR



Rannveig Benediktsdóttir (1948)  
fædd á Hvoli í Öxafirði. Gift  
Kristjáni Pálssyni og búsett á  
Húsavík. Rannveig starfaði sem  
proskapjálfi.

Báturinn var tvíæringur, frekar stór, þungur og langur bátur. Systkinin á Hvoli í Núpasveit þökkuðu því fyrir að bæjarlækurinn væri sumstaðar djúpur svo fært var að róa. Eftir að neglan hafði verið tekin úr bátnum og honum sökkt til að þétta hann var hann látinn liggja í um tvo daga. Tveggja daga biðin gat reynst löng enda eftirvæntingin mikil. Tíminn reyndist þó líða og neglunni var komið fyrir og börnum velkomið að leika í bátnum. Nær sjónum var hins vegar stærðarinnar lón og þau systkinin sammála um að þess virði væri að leggja 2ja til 3ja daga vinnu í að draga bátinn niður á lónið sem bauð upp á mun meiri vegalengdir. Hægt var að róa enda á milli áfallalaust. Ævintýrin voru auðsköpuð á lóninu. Sjálfskipaðir foringjar voru þær systur Rannveig og Halla, enda eldri.

Á vorin þurfti þó báturinn fljótlega að gegna mikilvægari hlutverkum, hlutverkum sem vöktu ekki síður spenning hjá Rannveigu. Lagðar voru nætur við Snartarstaðarnúp þar sem látrín voru í byrjun júní og kópar veiddir. Oftast stóð veiðin yfir í um mánuð en henni fylgdi gífurleg vinna. Í hverri ferð voru alltaf tveir eða þrír fullorðnir en vanalega lét Rannveig sig ekki vanta, né

Halla. Rannveigu þótti veiðin mikil upplifun en selurinn gat verið grimmur og fær um að bíta all svakalega. Jafn ógurlegur og hann var í ham voru augu hans yfirleitt heillandi. Augu selanna eru á við stór hringlaga barnsaugu og tók það því oft á Rannveigu að sjá þá rotaða. Sjá líf svarblárra augnanna fjara út og þar með leyndarmál hafdjúpsins gleymd og grafin.

Ætíð var gott veður þegar lagt var í veiðiferðirnar enda til lítils að berjast við róður í illviðri. Róður sem við góðar aðstæður tók tvær til þrjár klukkustundir. Það sem Rannveigu þótti fallett þegar komið var fyrir endann á Núpnum, þá var eins og þau væru uppi á háum hól, slíkt var útsýnið. Hægt var að sjá ofan í Kelduhverfi og Ásbyrgi en bátsverjarnir áttu erfitt með að ímynda sér einhvern fá nóg af slíku útsýni. Ekki minnkaði ævintýrabragurinn yfir ferðunum ef Rannveig fékk tækifæri til þess að fylgjast með selnum kafa þar sem grunnt var.

Að veiði lokinni var selurinn settur í kerru og haldið heim. Þá tók við að flá hann allan sem og að ná spikinu af megrunni sjálfri. Spikið var gjarnan saltað og soðið og þótti gott með signum fiski. Svo lá fyrir að skafa skinnið, innra byrðið á skinnunum og þvo þau mjög vel. Þar komu þær eldri systur sterkar til leiks en upp úr 15 ára aldri voru þær full færar í verkið. Þvottadagarnir gátu reynst langir en sjóða þurfti vatn á prímus og holdrosinn, húðin og skinnið voru burstuð upp úr grænsápu. Rannveig dáðist að fallettri áferð skinnanna og gat gleymt sér við að strjúka yfir þau. Mikil ósköp sem þau voru fallett. Samviskusamlega skolaði hún svo skinnin í læknum og spítta þau á grindur. Verðmætin voru að lokum látin standa upp við fjárhúsvegginn, snúið og hvolfst á hverjum morgni. Skinnin voru gersemar sem meðhöndla þurfti af vissri gætni en þegar þau voru orðin þurr burstuðu þær systur yfir þau svo hárin risu, rúlluðu þeim upp og afhentu afa sínum sem seldi þau dýrum

dómum. Auðvitað kom fyrir að Rannveig varð þreytt í vertíðinni sem fylgdi skinnaumhirðunni en upplifunin var ætíð meiri og því náði þreytan ekki að skyggja á. Veiðin var liður í því að halda lífi og stúlkan mat mikils að fá að taka þátt í verkunum með afa sínum. Faðir hennar hafði lagt mikla áherslu á það í uppeldi þeirra systkinanna að þau yrðu sjálfbjarga. Hann sagði það væri réttur hvers einasta manns að vera sjálfbjarga með sínar nauðpurftir. Geta fætt sig, klætt sig, séð um sig og tileinkað sér samvirkusemi í vinnu. Þær lífsreglur voru Rannveigu ofarlega í huga þegar hún meðhöndlaði af vandvirkni skinnin sem síðar voru notuð í finan tískuklæðnað í útlöndum.

Selveiðunum fylgdu gestakomur en alla tíð þóttu Rannveigu ferðir karlanna austan úr Þistilfirði spennandi. Þeir komu sérstaklega ríðandi yfir Öxarfjarðarheiðina með trússhesta til þess að sækja sér megrur. Megran var síðan sett í strigapoka, þeir skelltu sér í hnakkinn aftur og riðu rognnir með fenginn til baka. Sjálfri þótti Rannveigu selkjötið herramanns matur, sérstaklega súrt.

Á góðviðrisdögum átti Rannveig það til að koma sér fyrir í fjörunni og blístra á selina. Selurinn er svo forvitin skepna að hann veitti blístri hennar oftár en ekki mikla eftirtekt og fylgdi því eftir. Þá jukust væntingar hennar til þess að í dag væri sá dagur sem hann myndi koma upp að henni, heilsa og segja henni sögur. Í þeirri von spilaði þolinmæðin lykilhlutverk, þolinmæðin var þess virði.<sup>14</sup>



---

<sup>14</sup> (Rannveig Benediktsdóttir, munnleg heimild, 7. september 2014).

## 2.14 ÆTLI MANNFÓLKID SKORTI KÆRLEIK? - VIGFÚS B. JÓNSSON



Vigfús B. Jónsson (1929) fæddur á Laxamýri í Reykjahreppi þar sem hann er enn búsettur. Kona hans er Sigríður Atladóttir en Vigfús starfaði sem bóndi.

„Ætli unga fólkid viti hvað það hefur það gott í dag? Ég man eftir gömlu kreppunni, þá voru allir fátækir. Það þóttu ekki tíðindi ef systkinahópar þyrftu að liggja í rúminu meðan þvegið var af þeim. En lífsgleðin var ekki síðri, jafnvel meiri. Ég get nú sagt þér að þegar ég var ungur drengur kynntist ég fólk yfir fimmtugt sem var orðið gamalmenni. Það hafði alist upp við bláfátækt, liðið skort og jafnvel misst allan klæðnað. Húsakuldi var algengur á þeim tíma. Sem betur fer sér maður ekki slíkt í dag.”

Vigfús Bjarni Jónsson undi sér vel einn þegar hann var ungur drengur. Honum leið vel í

náttúrunni og sá félagsskapur sem hún veitti honum nægði oftar en ekki. Rödd náttúruunnar gat reynst á við symfóníuleik en þögnin gat líka orðið mennsk. Æðarvarpið var stór þáttur í lífinu á Laxamýri og fylgdi því mikil tilhlökkun að ganga varpið. Tína þurfti dún og egg. Fuglarnir settust ekki alltaf að á sama tíma á vorin en það fór allt eftir átu hvort þeir teldu æskilegt að hefja varp. Ef ætið var ekki nægjanlegt fór fuglinn seint í varpið og verpti minna. Ef veturinn yfirgaf dalinn á æskilegum tíma hóf fuglinn varp um mánaðamót apríl maí. Æðarvarpinu fylgdu strangar lífsreglur. Varast skyldi að taka of mörg egg sem og að styggja fuglinn. Einnig fylgdi sjónum talsvert af kríu en seinna átti eftir að fara illa fyrir henni sökum ætisskorts. Í björgunum neðan við bæinn kom fuglinn sér líka fyrir og reyndi Vigfús gjarnan að klífa þau því vonlaust var að síga þar. Klifrið var honum þó oft erfitt en spennandi var það. Sunnan við gilið á Laxamýri átti Vigfús svo sinn uppáhalds stað. Þar gátu þeir bræður verið útaf fyrir sig, án allrar truflunar. Sú staðreynd veitti Vigfúsi öryggi og varð því úr að gersemar þeirra, heimasníðaðir bílar og bátar, leggir og skeljar voru geymdar á leynistaðnum góða. Heljarinnar verkstæði var við bæinn og stundirnar því margar sem snáðinn gleymdi sér við stórsmíði hugarheims síns.

Í æsku hélt Vigfús sig oft til hlés og átti eftir að komast langt á rólegheitunum. Brýnt var fyrir honum að læra að stjórna skapi sínu, skapið væri tækni sem maðurinn átti að geta gripið til en varast að misnota. Foreldrar hans höfðu lifað fyrri heimsstyrjöldina og sögðu Vigfúsi frá því hvað allir höfðu verið glaðir þegar henni loksins lauk. Þá var talið að að styrjöld yrði aldrei framar. Lítið varð þó úr þeirri ósk. Ætli mannfólkið skorti kærleik?

Mannmargt var á Laxamýri og oft mikið af kaupafólki. Svo ekki sé minnst á að bæjarstæðið var við þjóðbraut. Fylgdi því óhemju gestagangur og átti hlédrægur drengurinn þá til að hverfa og kom fyrir að leita þyrfti að honum. Vigfús var aldrei gefinn fyrir athygli. Sláturtíðinni á haustinn, fylgdu margir gestir og því ekki að ástæðulausu sem sérstakt hús hafði verið byggt til að hýsa gesti og gangandi. Eitt árið skall á öskubrjáláð illviðri og þá gistu 17 menn, þrír fjárrekstrar á leið til Húsavíkur. Erfitt var fyrir húsmóðurina að taka á móti svo stórum hóp, holdvotum. Það bókstaflega lak af mönnum í

bæjaranddyrinu. Á þeim tíma þekktist ekki til regnfatnaðar og þurftu öll klæðin að vera orðin þurr fyrir brottför daginn eftir. Þá gekk mikið á á heimilinu og ungur, hlédrægur drengurinn var tilneyddur til þess að standa vaktina, telja í sig kjark og svara spurningum ferðalanga. Á Laxamýri ríkti alla tíð mikil gestrisni og slíkt mótar þá sem þar alast upp.<sup>15</sup>




---

<sup>15</sup> (Vigfús Bjarni Jónsson, munnleg heimild, 10. ágúst 2014).



## 2.15 ORUSTAN VAR HÁÐ – VILHJÁLMUR PÁLSSON



Vilhjálmur Pálsson (1929) fæddur á Húsavík þar sem hann býr í dag. Kona hans er Védís Bjarnadóttir. Vilhjálmur starfaði sem íþróttakennari.


Áhugasvið Vilhjálms Pálssonar lá snemma í öllum íþróttum. Við keppnisaldur varð þó úr að hans fyrstu skref voru stigin, í frjálsum, þá aðalega köstum. Á unglingsaldri er leikni og tækni jafngildi krafta og gat því Villi komið á óvart þrátt fyrir að vera ekkert heljarmenni. Þegar pilturinn náði 18 ára aldri hélt hann ásamt nokkrum öðrum hraustum drengjum suður á Íslandsmót unglunga í Reykjavík. Ferð sem þessi var drengjunum að norðan mjög spennandi. Þeir fóru suður með sex manna flugbáti, Gramman, og þar fengu þeir höfðinglegar móttökur. Tengiliðir höfðuborgarinnar voru að fiska efnilega íþróttamenn utan af landi og íþróttamönnum því boðið gull og grænir skógar. Engin skilyrði sett nema þeir nytu veislunnar, en ef þannig færi að þeir flyttu til Reykjavíkur, þá: „strákar – þið munið eftir okkar félagi”. Margir afreksmennirnir áttu eftir að taka gylliboðunum og farnast ágætlega.

Drengirnir mættu á Íslandsmótið nokkuð vissir um stöðu sína, fullir af sjálfstrú enda Þingeyingar. Í stökkum og köstum gat keppandinn farið alveg eftir sínu höfði, tæknin gat verið

kolvitlaus en ef hún var vel æfð þá gat hún skilað sínu. Hlaupararnir þurftu þó að miða sig frekar við aðra keppendur, hvernig þeir væru að bera sig. Villi vann spjótið sem og kringluna. Þar með stóðu menn á borð við Þórð sleggju frammi fyrir ósigri. Villi tók þó við silfrinu gegn Vilhjálmi Vilhjálmsyni, Olympíufara í kúluvarpi sem þá var einu ári eldri. Jafnaðargeð rann um æðar Villa. Drengirnir að norðan héldu því heim með alls sex gull, örlítið roggirnir enda mótið mikils metið. Þeir lærðu þó sína lexíu því fyrsta daginn í stórborginni gleymdi liðið sér við að þræða búðagluggana. Erfitt var að standast freistingar gotterísins og klæðanna sem gluggana prýddu og vöknudu því íþróttahetjurnar daginn eftir með strengi. Sveitapiltarnir reyndust þá óvanir malbiknu og vanari að ganga um grænar grundir Norðurlandsins.

Keppnisskap Villa gladdi hann alla tíð en þeir herjuðu snemma vinirnir, orustur milli Norður- og Suðurbæjar. Skipt var við Búðarána og orustan oftast en ekki háð í Sláturhúsréttunum. Það var barist af öllu hjarta, heimassmíðudum sverðum beitt af mikilli leikni og varist með skjöldum eftir kúnstarinnar reglum. Baráttan var mikil og liðunum stýrt af ákveðni af miklum foringjum. Hápunktur hvers bardaga reyndist þó oftast en ekki verða þegar félagi Villa, Sigurður Hallmarsson féll. Það dauðsfall var vanalega með þeim fyrstu en þá var gert hlé á bardaga vegna þess að Sigurður Hallmars hafði þann háttinn á að kasta fram vísu í dauðateygjunum, líkt og fornvíkingarnir gerðu, kappar á borð við Þór Jökul og Þormóð Kolbrúnarskáld. Þó upphaf vísna Sigurðar Hallmars væri misjafnt eftir örlögum þá enduðu þær ætíð eins: „Ást hafðir þú meylla, eitt sinn skal hver deyja”. Tilþrífir voru slík

að félagar hans töldu víst að fornvíkingarnir hefðu ekki komist í hálfkvisti við hann. Síðan lá Sigurður Hallmars eftir og bardaginn hélt áfram.<sup>16</sup>



---

<sup>16</sup> (Vilhjálmur Pálsson, munnleg heimild, 30. ágúst 2014).

### 3 LOKAORÐ

*Í andlitinu speglast sagan - Bernskuminningar úr Þingeyjarsýslu* var unnið síðsumars og á haustdögum 2014. Viðmælendurnir voru alls 15 einstaklingar sem eiga það sameiginlegt að hafa alist upp í Þingeyjarsýslu.

Að vinna af þessu verkefni veitti mér mikla gleði og að fá innsýni í minningar og lífshlaup þessara einstaklinga var mér ómetanlegt. Verkefnið var í senn krefjandi og gefandi. Um 60 dagar hafa farið í þessa vinnu, fjórir dagar í hvern einstakling að meðaltali. Að fá tækifæri til þess að vinna að verkefni sem þessu var mér mikilvægt þar sem ég stunda nú nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri og hef áður stundað nám í ljósmyndun við IED á Ítalíu. Starf sem þetta styrkti því sannfæringu mína, að viðtalstækni og ljósmyndun eigi góða samleið. Viðmælendum mínum og öllum sem hafa stutt mig með ráðum og dáð vil ég þakka kærlega fyrir.

Halldóra Kristín Bjarnadóttir

## 4 HEIMILDIR

- Aðalbjörg Jónasdóttir, húsfreyja (f.1928), (2014). *Gengið út úr dalnum*, viðtal tekið í Kasthvammi í Laxárdal, 31. júlí 2014.
- Aðalgeir Kristjánsson, þjóðskjalavörður (f. 1924), (2014). *Fer ei úr huga mér*, viðtal tekið í Hvammi á Húsavík, 3. ágúst 2014.
- Arngrímur Geirsson, kennari (f.1937), (2014). *Hríðin*, viðtal tekið í Álftagerði í Mývatnssveit, 14. ágúst 2014.
- Gerður Benediktsdóttir, húsfreyja og handverkskona (f.1920), (2014). *Sokkabunkinn*, viðtal tekið á Skútustöðum í Mývatnssveit, 27. ágúst 2014.
- Guðmundur Hallgrímsson, bóndi (f. 1938), (2014). *Grammafóinninn*, viðtal tekið í Fellsmúla í Aðaldal, 10. september 2014.
- Guðrún Sigurðardóttir, kennari (1948), (2014). *Gagn og gaman*, viðtal tekið á Byggðavegi 101 Akureyri, 20. ágúst 2014.
- Helga Baldursdóttir, húsfreyja (f. 1927), (2014). *Helgu litlu var ekki rótt*, viðtal tekið á Hólmavaði í Aðaldal, 6. ágúst 2014.
- Helgi Héðinsson, sjómaður (f. 1928), (2014). *Blés á norðvestan*, viðtal tekið í Helgaskúr á Húsavík, 14. september 2014.
- Höskuldur Þráinsson, húsasmiður og hestamaður (f. 1946), (2014). *Sóta mín*, viðtal tekið á Aðalbóli í Aðaldal, 18. september 2014.
- Indriði Ketilsson, bóndi (f. 1934), (2014). *Hornin voru mín leikföng*, viðtal tekið á Ytra-Fjalli í Aðaldal, 3. september 2014.
- Ívar Júlíusson, sjómaður (f. 1935), (2014). *Rófugarðurinn*, viðtal tekið á Höfðavegi 10 á Húsavík, 23. ágúst 2014.
- Kristján Ásgeirsson, sjómaður (f.1932), (2014). *Prakkur*, viðtal tekið á Álfhóli 1 á Húsavík, 17. ágúst 2014.
- Rannveig Benediktsdóttir, þroskaþjálfari (f. 1948), (2014). *Tvíæringur*, viðtal tekið á Uppsálavegi 21 á Húsavík, 7. september 2014.
- Steingrímur Thorsteinsson. (1924). *Ljóðabýðingar 1*. Prentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.
- Vigfús Bjarni Jónsson, bóndi (f. 1929), (2014). *Ætli mannfólkinu skorti kærleik?*, viðtal tekið á Hvammi á Húsavík, 10. ágúst 2014.
- Vilhjálmur Pálsson, íþróttakennari (f. 1929), (2014). *Orustan var háð*, viðtal tekið í Höfðabrekku 14 á Húsavík, 30. ágúst 2014.